



GJALDSKRÁ

Vegna kostnaðar við skipulagsvinnu, stofnun og breytingu lóða og útgáfu framkvæmdaleyfa í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

1. gr.

Almenn heimild.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur ákveðið að setja gjaldskrá til innheimtu kostnaðar við útgáfu framkvæmdaleyfis og eftirlits vegna framkvæmdaleyfis sem og vegna vinnu við skipulagsmál í samræmi við 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjaldskráin tekur til erinda sem koma til afgreiðslu á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa og á nefndarfundum skipulagsnefndar Stykkishólms, sem eru vegna framkvæmdaleyfa, skjalagerðar, yfirlesturs gagna, auglýsinga, kynninga og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem embætti skipulagsfulltrúa Stykkishólms veitir, svo sem vegna framkvæmda sem bundnar eru framkvæmdaleyfi, gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Gjaldi vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlunir skal varið til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við útgáfu framkvæmdaleyfa, eftirlits með framkvæmdum, gerð skipulagsáætlana, breytinga á þeim, kynningu og auglýsinga. Gjaldskráin byggir á þeirri grunnreglu að aðili sem óskar eftir vinnu við gerð skipulagsáætlana, þ.m.t. breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, og eftir atvikum vinnu við svæðisskipulag og/eða framkvæmdaleyfi, skuli greiða þann kostnað sem breytingin eða önnur vinna hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiði kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, ritun nýrra greinargerða og breytinga á þeim, auglýsinga og kynninga vegna málsins og alls undirbúnings slíkra skjala, þ.m.t. vegna nauðsynlegs umhverfismats áætlana og vegna samskipta við skipulagsyfirvöld. Til slíks kostnaðar telst kostnaður vegna vinnu starfsmanna sveitarfélagsins og hvers konar útlagður kostnaður þ.m.t. vinna við gagnaöflun fyrir hönnuði á stökum verkum fyrir málsaðila. Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari taki breytingum 1. dag janúarmánaðar hvers árs í samræmi við breytingar byggingarvísitölu (grunnur 2021). Grunnvísitalan í nóvember 2023 er 116,4 stig. Tímagjald skipulagsfulltrúa tekur ársfjórðungslegum breytingum í samræmi við launavísitölu fyrir starfsmenn sveitarfélaga.

2. gr.

Skipulags-, leyfis- og þjónustugjöld.

Vegna vinnu eða aðkeyprtar þjónustu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni, eða vegna framkvæmdaleyfa og/eða vegna annarrar þjónustu skipulagsfulltrúa eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins sem óskað er eftir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um.

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR



Fyrir afgreiðslu umsóknar hjá embættinu, sbr. 3 og 4. mgr., skal umsækjandi greiða kr. 15.800. Í afgreiðslugjaldi felst kostnaður við móttöku og yfirferð erinda sem lögð eru fram á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa og/eða skipulagsnefndar Stykkishólms.

Óski landeigandi eða framkvæmdaraðili eftir því við bæjarstjórn að hún vinni að gerð skipulagsáætlunar skal greiða eftirfarandi gjöld vegna kostnaðar sveitarfélagsins við slíkar tillögur:

Aðalskipulagsbreyting skv. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010	
Vinna við breytingartillögu og umsýslukostnaður	Kr. 232.000
Auglýsinga- og póstkostnaður	skv. rkn.
Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	
Vinna við breytingartillögu og umsýslukostnaður	Kr. 116.000
Auglýsinga- og póstkostnaður	skv. rkn.
Nýtt deiliskipulag skv. 37.-42. gr. án lýsingar og kynningar skv. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010	
Vinna við breytingartillögu og umsýslukostnaður	Kr. 116.000
Auglýsinga- og póstkostnaður	skv. Rkn
Nýtt deiliskipulag skv. 37.-42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	
Vinna við breytingartillögu og umsýslukostnaður	Kr. 232.000
Auglýsinga- og póstkostnaður	skv. rkn.
Milliganga skipulagsfulltrúa um gerð nýs deiliskipulags	Innheimt skv. samningi sbr. 4. gr.
Breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	
Vinna við breytingartillögu og umsýslukostnaður	Kr. 116.000

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR



Auglýsinga- og póstkostnaður	skv. rkn.
Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. með grenndarkynningu	
Vinna við breytingartillögu og umsýslugjald	Kr. 58.000
Auglýsinga- og póstkostnaður	Kr. skv. rkn
Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. án grenndarkynningar	
Vinna við breytingartillögu og umsýslugjald	Kr. 58.000
Auglýsinga- og póstkostnaður	skv. rkn.
Grenndarkynning byggingarleyfis skv. 44. gr.	
Vinna við tillögu og umsýslugjald	Kr. 58.000
Póstkostnaður	skv. rkn.
Breyting á gildandi lóðarblaði/landsstærð	
Vinna við tillögu	Kr. 116.000
Þinglýsingargjald	skv. rkn.
Gjald vegna framkvæmdaleyfis, ofl.	
Framkvæmdaleyfisgjald skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	Kr. 58.000
Framkvæmdaleyfisgjald skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	Kr. 116.000
Almenn grenndarkynning vegna framkvæmdaleyfis	skv. rkn.
Eftirlitsgjald vegna umfangsmikilla framkvæmdaleyfa	Innheimt skv. samningi sbr. 4. gr.
Umsóknir um stofnun lands og lóða	



Vinna við tillögu	Kr. 116.000
Þinglýsingargjald	skv. rkn.
Breyting á skráningu fasteigna/lóða/landeigna hjá Þjóðskrá Íslands	
Vinna við tillögu	Kr. 58.000
Þinglýsingargjald	skv. rkn.
Gjald fyrir lóðarúthlutun	Kr. 29.000
Fyrir breytingu/útgáfu á lóðarleigusamningi	Kr. 43.500

Gjald skv. framangreindu er viðmiðunargjald. Ef kostnaður sveitarfélagsins vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins eða annar áfallinn kostnaður, þ.m.t. vegna aðkeyprtar þjónustu, er fyrirsjáanlega umfram viðmiðunargjald skv. þessari gjaldskrá, vegna umfangs verksins, eða hversu það er flókið, s.s. við umfangsmeiri skipulagsvinnu og skipulagsvinnu vegna umhverfismatsskyldra framkvæmda eða umfangsmikilla samskipti við skipulagsyfirvöld, er heimilt að leggja á til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. þessara greinar, tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 15.800 kr./klst. Gjald þetta tekur ársfjórðungslegum breytingum í samræmi við launavísitölu fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Sé um ræða kostnað vegna aðkeyprtar vinnu/þjónustu, við gerð skipulagsgagna s.s. uppdráttu, greinargerða, lýsinga eða matsáætlana, sem nauðsynleg er vegna verksins skal greiða gjald skv. greiddum reikningi viðkomandi aðila. Semja skal um slíkar greiðslur fyrir fram.

Í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123 frá 2010 getur sveitarstjórn, ef landeigandi eða framkvæmdaraðili, óska eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi, falið landeiganda eða framkvæmdaraðila sjálfum að vinna að gerð deiliskipulagstillögu eða breytingartillögu fyrir eigin reikning. Aðkoma og þjónusta skipulagsfulltrúa og annarra starfsmanna að þeirri vinnu, þ.m.t. fundir með landeigendum og framkvæmdaaðilum eða vinna við uppdrátt eða textagerð, tekur mið af tímagjaldi hér fyrir framan.

3.gr.

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal greitt áður en fjallað er um erindi. Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis. Samningsfjárhæð samnings samkvæmt 4. gr. gjaldskrár þessarar fellur í gjalddaga við undirritun samnings.



Samþykki um að hefja þá vinnu sem vísað er til í þessari gjaldskrá felur ekki í sér vilyrði fyrir eða samþykki um að viðkomandi skipulagsáætlun taki gildi eða að viðkomandi leyfi verði veitt. Sveitarfélagið getur stöðvað umbeðna skipulagsvinnu sé gjald vegna hennar í vanskilum.

Almennt afgreiðslugjald er óafturkræft. Reynist endanlegur kostnaður, sem fellur á sveitarfélagið af skipulagsvinnu eða vegna framkvæmdaleyfis, minni en þau gjöld sem greidd hafa verið vegna viðkomandi vinnu í heildina, skal mismunur endurgreiddur umsækjanda.

4. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að gera samning við umsækjanda sem víkur frá ákvæðum þessarar gjaldskrár, enda miði samningurinn að því að raunverulegur kostnaður vegna skipulagsvinnu og vegna útgáfu framkvæmdaleyfis sé að fullu greiddur.

Þegar vísað er í þessari gjaldskrá til þess að skipulagsfulltrúi skuli gera samning, þá skal skipulagsfulltrúi og umsækjandi gera samning sín í milli um viðkomandi verkefni sem skipulagsfulltrúi skal hafa umsjón með eða vinna. Semja skal um hámark samningsfjárhæðar sem skal endurspegla kostnað af vinnu skipulagsfulltrúa og útlagðan kostnað. Hámarksfjárhæð samningsins skal byggð á þeim tímafjölda sem áætlað er að skipulagsfulltrúi muni þurfa að verja við verkið og útlögðum kostnaði. Samningsfjárhæð skal vera hámarksgreiðsla umsækjanda, þó að kostnaður reynist meiri en samningur tilgreinir, en ef kostnaður við vinnu skipulagsfulltrúa verður lægri skal sá mismunur endurgreiddur. Umsækjandi skal greiða umsamda samningsfjárhæð við undirritun samnings og skal skipulagsfulltrúi endurgreiða umsækjanda mismun ef raunkostnaður samningsins er lægri en samningsfjárhæð.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms þann 14. desember 2023, er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku ofangreindrar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1320/2013.

Stykkishólmi, 15. desember 2023.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson

Bæjarstjóri